

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um verðlaun fyrir jarðabætur á klausturjörðu.

1871.
24. júní.

Með bræfi 27. febr. p. á. hefir amtið sent hingað skjal nokkurt, þar sem umboðsmaður Möðruvalla klausturs, þorsteinn dannebrogsmaður Danielsson, fer þess á leit, að leiguliðanum á klausturjörðunni Hnjúki, Jóhanni Jónssyni, verði gefin upp eins árs landskuld sem þóknun fyrir frábæran dugnað hans og framtakssemi, þar sem hann hefir hlaðið garð um túnið, og er byrjaður á að girða um allmikið svæði til þess að rækta það og gjöra þar tún, og jafnframt búið til veg upp að bænum; um leið og amtið getur þess, að slík ástundun eigi það skilið að hljóta verðlaun, hefir það stungið uppá, að tæðum leiguliða verði veittir 25 rd. í verðlaun af búnaðarsjóði amtsins, með því skilyrði, að hið opinbera gefi honum upp helminginn af leigu og landskuld fyrir yfirstandandi fardagaár, sem nemur 190 álfum.

Útaf þessu gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, og birtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið bæði fellst á það, að tæðum leiguliða sé veitt 25 rd. verðlaun af búnaðarsjóði amtsins, og gefur honum upp helming leigu og landskuldar fyrir fardagaárið 1871—72.

49. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um prestsvígslu skólalærisveins.

24. júní.

Með bræfi, dagsettu 27. febrúarm. p. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá, þar sem lærisveinn í hinum lærða skóla í Reykjavík, Jón Bjarnason frá Straumfirði, sækir um, að fá leyfi konungs til að mega vígjast til prests og taka ámóti veitingu á Stað í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðar prófastsdæmi, og hafið þér jafnframt farið þess á leit, að stiptysfirvöldunum verði veittur myndugleiki til, að veita tæðum lærisveini brauðið með fyrirheiti um, að honum skuli veitt eitt af